

11. nóvember 2024

## Umsögn íbúaráðs Laugardals um drög að ljósvistarstefnu

Íbúaráð Laugardals fagnar ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar. Það er gott fyrir borgarbúa að eiga slíka stefnu sem tekur á mismunandi þörfum íbúa eftir hverfum borgarinnar. Þessi stefna getur verið leiðarljós í því að tryggja öryggi barna og allra íbúa ásamt því að lýsa upp skammdegið. Við hvetjum til þess að þessi stefna verði innleidd sem fyrst. Það þarf hinsvegar að fylgja fjármagn til að fylgja stefnunni eftir. Það kom fram á kynningarfundum ljósvistarstefnu að ekki sé búið að ráðstafa neinu fjármagni í að uppfæra úrehtar kvikasilfursperur í Laugardalnum sem eru orðnar mjög dimmar.

Íbúaráð Laugardals hvetur til þess að ljósvistarstefna taki einnig fyrir notkun auglýsinga-ljósaskilta sem valda ónæði og hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi. Lýsing á atvinnuhúsnæði utan vinnutíma mætti einnig takmarka þegar ekki er þörf á henni.